



## Fræðslunefnd FUNDUR – 31. janúar 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd miðvikudaginn 31. janúar 2007, kl. 17:30 á bæjarskrifstofu. Mæting samkvæmt undirskriftum. Helga Kristín Gestsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Nýju grunnskólalögin
2. Afmæli grunnskólans (gamli skólinn 60 ára)
3. Námskeið fyrir fulltrúa skólanefnda
4. Norræna skólamálaráðstefnan
5. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

- 1. Nýju grunnskólalögin**  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri kynnti breytingar á grunnskólalögum.
- 2. Afmæli grunnskólans (gamli skólinn 60 ára)**  
Þórhalla kynnti að gamli skólinn verður 60 ára fimmtudaginn 8. febrúar og ætlunin er að bjóða í afmæliskaffi þann dag, og vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta.
- 3. Námskeið fyrir fulltrúa skólanefnda**  
Kynnt var námskeið fyrir fulltrúa skólanefnda, ákveðið var að stefna á að fara til Akureyrar þann 9. mars næstkomandi.
- 4. Norræna skólamálaráðstefnan**  
Kynnt var Norræna skólamálaráðstefnan sem haldin verður 10. – 11. maí. Helga formaður nefndarinnar stefnir á að sækja ráðstefnuna.
- 5. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar**  
Kynntar voru verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndar. Skólastjóri hefur áhuga á frekari kynningu um þessi málefni frá félagsmálastjóra.
- 6. Önnur mál.**
  - a. Þórhalla kynnti breytingu á skóladagatali, en árshátíð sem átti að vera 2. mars verður 10. mars.
  - b. Þórhalla kynnti að framsagnarkeppni gunnskólanna í Húnavatnssþingi verður haldin á Blönduósi 22. mars.
  - c. Þórhalla kynnti skýrslu menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2001-2002, 2002-2003 og 2003-2004.
  - d. Þórhalla kynnti skýrslu um heilsu og lífskjör skólanema 2006.
  - e. Árný kom með fyrirspurn um skóladagheimilið; hvort kanna mætti með opnun á því þegar starfsdagar eru í skólanum. Þetta málefni verður tekið nánar fyrir á næsta fundi og kannaðar lausnir á því.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)  
Sunna Gestsdóttir (sign.)  
Árný Þ. Árnadóttir (sign.)  
Auðunn Sigurðsson (sign.)  
Berglind Björnsdóttir, fulltrúi kennara (sign.)  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri (sign.)

Jakobína Halldórsdóttir (sign)